

Aðalfundur Golfklúbbsins Vestarr

Haldinn 8. desember 2019 kl. 16:00 á Kaffi 59

Kosning fundarstjóra:

Stungið er upp á Hinriki Konráðssyni, fundargestir samþykkja samhljóða.

Kosning fundarritara:

Stungið upp á ritara klúbbsins Jófríði, fundargestir samþykkja samhljóða.

Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir liðins sumars:

Garðar Svansson formaður flutti skýrslu stjórnar. Formenn nefnda lögðu fram skýrslur sinna nefnda, mættir voru Hinrik Konráðsson fyrir mótanefnd, Helga Ingibjörg fyrir skálanefnd og Kristín Pétursdóttir fyrir kvennanefnd. Ekki komu fleiri skýrslur fram á fundinum.

Endurskoðaðir reikningar lagðir fram:

Anna María Reynisdóttir gjaldkeri fór yfir ársreikninginn, staða klúbbsins er nokkur svipuð og frá árinu áður (sjá neðst í skjali).

Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslur stjórnar og fjárhagsáætlun:

Almenn ánægja fundargesta með skýrslur, lítil umræða skapaðist en fyrirspurn kom um hvort hægt væri að fá lengri leigusamning við landeiganda. Formaður svaraði að ekki væri vilji hjá landeiganda vegna óleysts ágreinings um landaskipti eins og staðan væri núna. Formaður mótanefndar, Hinrik nefndi að í skemmtimótin hafi verið góð mæting í sumar. Rætt var lítillega hvernig best væri að halda slík mót, hvort mætti einfalda verðlaunin í mótunum og einnig hvort halda ætti bæði 9 og 18 holu mót. Fyrirspurn um meistaramót hvort ætti að spila 3 eða 4 daga. Flestir voru á því að meistaraflokkur spilaði 4 hringi bæði karlar og konur en öldungaflokkur og 2. flokkur kvk spili 3 hringi, þetta er sett í hendur mótanefnda. Skýrslur samþykktar samhljóða.

Fjárhagsáætlun næsta árs

Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram og samþykkt samhljóða



Kosning formanns:

Kosning stjórnar, Anna María gefur kost á sér í gjaldkera til tveggja ára, samþykkt samhljóða. Áfram í stjórn sitja, formaður Garðar Svansson og ritari Jófríður Friðgeirsdóttir.

Kosning í aðrar nefndir /eða tilnefningar til formanna nefnda:

Mótanefnd: Formaður er Hinrik Konráðsson og Helga Ingibjörg bauð sig fram sem meðstjórnandi.

Vallar- og aganefnd: Hermann Geir Þórsson.

Kvennanefnd: Kristín Pétursdóttir.

Fjáröflunarnefnd: Ragnar Smári.

Barna- og unglinganefnd: Þessi nefnd hefur ekki verið starfandi síðustu 2 ár, lagt í hendur stjórnar að taka það fyrir, tillaga kom um Freydísi og Einar.

Skálanefnd: Helga Ingibjörg.

Skemmtinefnd: Hefur ekki verið starfandi vísað til stjórnar.

Kosning tveggja endurskoðenda:

Guðni E. Hallgrímsson og Edvarð Vilhjálmsson hafa verið endurskoðendur klúbbsins, tilnefning um að Guðni E. Hallgrímsson haldi áfram og að Kristján Guðmundsson komi nýr inn, samþykkt samhljóða.

Ákvörðun um félagsgjöld:

Tillaga um hækkun félagsgjalda um 500 kr á einstakling og 1000 kr á hjón var lögð fyrir, samþykkt samhljóða.

25.ára afmæli Vestarr, afmælisferð:

Anna María kynnir, farið verður 3. – 14. okt. Fundargestir velja að fara til Alcidesa með Heimsferðum, allir velkomnir að koma með. Fararstjórar Heimsferða sjá um mót og allt skipulag fyrir hópinn.

Önnur mál:

Marta bauð fundarmönnum að koma til sín og skoða golfhermirinn eftir aðalfund og ætla fundargestir að nýta sér það. Golfsambandið er að setja upp nýtt alþjóðlegt forgjafarkerfi, breytingarnar munu þó ekki hafa mikil áhrif á forgjöf almennra félagsmanna. Formaður þakkar félagsmönnum traustið og fyrir gott samstarf á árinu, minnir á að störf innan klúbbsins byggjast á virkni félagsmanna.

Fundi slitið kl 17:15



Golfklúbburinn Vestarr

Bárarvöllur

621295-2689

Ársreikningur

1.11.18 - 31.10.19

Skýrsla Stjórnar

Stjórn Golfklúbbsins Vestarr staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1.11.2018 – 31.10.2019 með undirskrift sinni.

Grundarfirði 07. desember 2019

Garðar Svansson formaður

Jófríður Friðgeirsdóttir, ritari

Anna María Reynisdóttir, gjaldkeri

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbsins Vestarr fyrir tímabilið 1.11.2018 – 31.10.2019, höfum skoðað ársreikninga félagsins. Við höfum fengið þær upplýsingar sem við höfum óskað eftir og sjáum engar ástæður til athugasemda.

Guðni E Hallgrímsson

Eðvarð F. Vilhjálmsson

Rekstrarreikningur	31.10.2019	31.10.2018
Tekjur		
Rekstrartekjur	3.757.983	3.825.553
Aðrar tekjur	5.323.758	5.396.630
Tekjur samtals	9.081.741	9.222.183
Gjöld		
Rekstarkostnaður vallar	4.587.058	4.311.773
Laun og annar starfsmannakostnaður	2.095.336	1.909.653
Annar rekstarkostnaður	1.239.450	1.621.312
Verðlaun, kennsla og stjórnunarkostnaður	479.972	1.072.100
Gjöld samtals	8.401.816	8.914.838
Rekstarhagnaður/tap	679.925	307.345
Vaxtatekjur	2.045	30.854
Fjármagnsgjöld	126.254	143.485
	124.209	112.631
Heildagjöld samtals	8.526.025	9.027.469
Rekstrarafkoma ársins	-555.716	-194.714
	9.081.741	9.222.183
EIGNIR:	31.10.2019	31.10.2018
Fastafjármunir	23.845.758	23.845.758
Fastafjármunir samtals	23.845.758	23.845.758
Veltufjármunir		
Vörubýrgðir	86.500	86.500
Viðskiptakröfur	60.681	250.000
Handbært fé	259.756	349.514
	406.937	686.014
Óráðstafað eigið fé.	24.252.695	24.531.772

Eigið fé og skuldir.

Eigið fé	23.055.233	22.499.517
Lán Lí	933.333	1.922.255

Skammtímaskuldir	264.129	110.000
------------------	---------	---------

Eigið fé og skuldir.	24.252.695	24.531.772
-----------------------------	-------------------	-------------------

0

1.11.18 - 31.10 1.11.17 - 31.10

Sundurliðun á

2019

2018

Rekstrartekjur

Félagsgjöld	2.185.164	1.973.800
Þáttökugjöld í mótum	709.500	794.500
Uppgjör Skáli	201.319	
Daggjöld af velli	467.000	1.057.253

3.562.983

3.825.553

Aðrar tekjur

Styrkir og auglýsingar	1.599.818	1.514.233
Lottotekjur og önnur útseld vinna	328.085	
Sláttusamningur við Grundarfjarðarbæ	3.395.855	3.882.397
Uppgjör á sveitakeppni	195.000	0

5.518.758

5.396.630

Rekstrarkostnaður vallar

Viðhald tækja	990.980	2.538.598
Annar rekstrarkostnaður	1.239.450	
Rekstur golfvallar (vatnsl og kúlur)	1.320.338	1.073.175
Vallaleiga	700.000	700.000

4.250.768

4.311.773

Laun og annars starfsmannakostnaður

Vinnulaun	1.675.534	1.799.524
Tryggingagjald	110.753	0
Lífeyrissjóður	270.686	97.650
Aðrir sjóðir	38.363	12.479

2.095.336

1.909.653

**Verðlaun, kennsla og
stjórnunarkostnaður**

Verðlaun og kostnaður v/móta	400.802	78.000
Golfsamband Íslands	691.600	725.000
Golfkennsla	0	258.700
Pappír, prentun og ritföng	21.804	0
Auglýsingar	12.927	10.400

1.127.133

1.072.100

Annar rekstrarkostnaður

Rafmagn, hiti, vátr, sorpgj	594.781	357.352
Viðhald húsnæðis	81.032	84.726
Sími og Sýn	65.674	69.166
Posaleiga	63.992	0
Rekstur tölvukerfis	9.980	9.980
Íslandspóstur + pósthólf	15.178	0
Mótastyrkir og námskeiðsgjöld	0	199.072
V-Aðalfundur og Árshátíð 2018	97.942	0
Innkoma í skála	(905.140)	
Vörukaup, golfvörur	144.480	423.895
Vörukaup veitingar	559.341	
Hagnaður skála - laun	201.319	
Vaxtakostnaður v-lán	99.658	
Kostnaður v-kröfur	18.490	
Dráttavaxtakostnaður	8.106	35.172
Innvextir á B-reikninga	(2.045)	

Ýmis kostnaður	0	441.949
	1.052.788	1.621.312

555.716

V-styrkur-skilti-fánar

Nafn	R-sendur	Styrkur
Marel		50.000
Landsbanki Íslands Skilti		75.000
Ver ehf		50.000
Soffi Skilti		50.000
Arionbanki skilti		50.000
Marel		50.000
Djúpiklettur fáni		35.000
FMÍS		75.000
Delotte		40.000
Umbúðamiðlun		50.000
Úgerðarfélag R.víkur		75.000
Fisk -Seafood		50.000
Ístak		75.000
G.RUN		60.000
		0
		785.000

Fasteignagjöld 2019 9.818

V-Móta



Soffanías v- mótarið	100.000
Góð Stund Soffi	160.000
G.RUN	100.000

360.000

Skjöldur 2019 - Verðlaunaplattar

Djúpiklettur	35.000
Ragnar og Ásgeir	35.000
Vestann	35.000
Kjörbúðin	35.000
G.RUN	35.000
Haukabergr	35.000
Fisk - Sefood	35.000

245.000

1.399.818

Fjárhagsáætlun 2019-2020

Tekjur:	
Félagsgjöld	1.900.000
Þátttökugjöld í mótum	700.000
Daggjöld af velli, kúluleiga, veitingasala	1.340.000
Styrkir	1.600.000
Sláttusamningur við Grundarfjarðarbæ	3.300.000
Annað	0
Samtals	8.840.000
Gjöld:	
Vallarleiga	700.000
Rekstur og viðhald vallar og tækja	2.500.000
Laun og annar starfsmannakostnaður	2.000.000
Verðlaun	400.000
GSÍ	700.000
Afborgun lána	1.050.000
Rafmagn og viðhald	590.000
Þátttaka í mótum	0
Vörukaup sjoppa	700.000
Annað óvænt	200.000
Samtals	8.840.000
Hagnaður/(tap)	0



Aðalfundur Vestarr 2019

Grundarfirði 8. desember 2019

Ágætu félagar.

Enn einu viðburðarríku ári hjá Vestarr er lokið. Örlítill fjölgun meðlima á árinu og ágætis nýting á vellinum eru góðar fréttir fyrir okkur. Veðurfar var kylfingum hagstætt og völlurinn sjaldan betri eða flottari. Við vorum með gott starfsfólk, bæði á velli og í skála. Stjórnin fundaði nokkrum sinum yfir starfsárið og heilt yfir var árið ágætt. Í starfi félaga eins og Vestarr er mannauðurinn það dýrmætasta sem við eigum og mikilvægt að fá fólk til að starfa með okkur í því góða starfi sem unnið er í klúbbum. Ef hendurnar eru of fáar sem starfa er hætt við að það fjari undan virkni og það komi niður á starfinu. Vestarr hefur alla tíð byggt sitt starf á sjálfbærliðum til að halda utan um félagslega þátt starfsins, það er öllu félagsstarfi mikilvægt að sá hluti sé virkur, hvort það sé með almennum fundum eins og aðalfundi, fræðslu, skemmtunum og mótahaldi. Áriðandi er að við stöndum öll saman í umsjón og vinnu við félagslegum þætti starfsins. Án hans erum við ekki að hafa gaman í okkar starfi. Að hafa gaman er okkar aðalsmerki í starfi klúbbsins og félagar staðið sig vel á þeim velli. Mikilvægt er að halda áfram að hafa gaman og viljum við hvetja féлага til að aðstoða við skemmtilega hluta starfsins, vera virkir, á vellinum, í félagsstarfi og tókum með okkur gesti.

Framundan er 25 ára afmæli Vestarr. Það voru kraftmiklir aðilar sem stóðu saman að stofnun Vestarr árið 1995. Stærsti hluti þeirra er enn virkur í starfi klúbbsins, við sem seinna komum eigum þessum aðilum mikið að þakka. Áriðandi er að halda alltaf áfram að byggja upp og bæta það sem vel er gert. Enn er töluverð uppbygging framundan á Bárarvelli þótt völlurinn sé að verða full mótaður. Vinna þarf í flötum, göngustígum, vökvunarkerfi og öðru sem þarf að framkvæma til að gera góðan völl betri. Einnig er farið að vanta húsnæði fyrir vélar og vinnuáætlaðar fyrir viðhald. Leita þarf leiða til að tryggja eignarhald klúbbsins á því íþróttasvæði sem starf klúbbsins fer fram á. Leiga Vestarr á Bárarvelli hefur nú síðust ár verið til eins árs í senn, er það eitthvað sem verður að komast í fastari skorður og á það hvort sem íþróttasvæði verði á Bárarvelli eða annarsstaðar sem hentað gæti til golfiðkunar. Í sumarbyrjun var óskað eftir samtali við Grundarfjarðarbæ um starf Vestarr og með hvað hætti hægt væri að tryggja framtíð Vestars til langs tíma. Jákvætt var tekið í erindið en því miður hefur það ekki náð lengra og samtalið ekki farið fram enn. Meðal þess sem lögð verður áhersla á í viðræðum við bæjarfélagið er að tryggður verði aðgangur að gjaldfríu íþróttasvæði til golfiðkunar.

Stjórn Vestars þakkar öllum þeim sem komu að starfinu að árinu með þátttöku, stuðningi og vinnu.

Garðar Svansson, formaður Vestarr



Aðalfundur Vestarr 2019

8. desember 2019

Skýrsla mótanefndar GVG fyrir sumarið 2019.

Í sumar var ákveðið að hafa golfmót reglulega og reynt að hafa mót sem höfða til allra félagsmanna.

Allmörg skemmtimót voru haldin í sumar og er erfitt að nefna ákveðin fjölda þar sem þeim var oft skellt á samdægurs ef veður var gott. En góð þátttaka var á þeim mótum í sumar og var ánægja með fyrirkomulag móta en dregið var í mótslok um skipuleggjendur næsta móts.

Sjómannadagsmót G.Run var glæsilegt og mikil þátttaka eins og vanalega. létu kylfingar kalt veður ekki stoppa sig og skemmtu sér allir vel.

Soffanías Cecilsson ehf. var styrktaraðili mótaraðar sumarsins og voru haldin fimm golfmót frá júní til loka ágúst. Þátttaka var dræm til að byrja með en fín þátttaka var á síðustu tveimur mótum ársins.

Önnur opin mót voru Ragnar & Ásgeir ehf, Kristmundarbikarinn og Soffi Open sem var okkar stærsta mót yfir sumarið og var þátttaka mjög góð en 54 kylfingar spiluðu á mótinu.

Ryderinn var á sínum stað í haust hjá GVG en um vorið var keppnin haldin í Stykkishólmi. Var hart barist fram á síðustu holu en Mostra menn náðu að halda út og rétt mörðu sigur. Báðir klúbbar áttu erfitt með safna liði og þarf að hressa eitthvað upp á mótið svo það deyi ekki út.

Meistaramótið var haldið í byrjun júlí og var spilað í frábæru veðri alla dagana. Þátttaka var ekki mjög góð en 15 keppendur voru í öllum flokkum. Ekki náðist að hafa tvo flokka í karlaflokknum en konurnar voru fjölmennari og var keppt í 1. og 2. flokki hjá konunum. Einnig var keppt í öldungaflokki. Mótið gekk mjög vel og var almenn ánægja með fyrirkomulagið og völlinn.

Klúbbmeistarar eru:

Karlaflokkur: Steinar Alfreðsson

1.flokkur kvenna: Jófríður Friðgeirsdóttir

2.flokkur kvenna: Bryndís Theodórsdóttir

Öldungaflokkur 55 ára og eldri: Guðni E. Hallgrímsson

Punktameistari: Steinar Alfreðsson

Íslandsmót golfklúbba 4.deild var haldinn á Bárarvelli í ágúst. Fimm klúbbar tóku þátt í mótinu og var öll umgjörð flott og völlurinn í toppstandi. Eftir harða baráttu og bráðabana þá varð Golfklúbbur Flúða Íslandsmeistari en GVG lenti í öðru sæti.

Eins og fram hefur komið þá var boðið upp á fjölbreytt golfmót í allt sumar og ef vilji er til að halda því áfram næstu árin þá þarf mótanefndin að halda áfram að vera öflug en það er ekki hægt án þátttöku klúbbfélaganna í starfinu.

Viljum við þakka öllum félögum sem störfuðu með og í mótanefnd í sumar en án þeirra myndi þetta ekki ganga upp.

Golfklúbburinn Vestarr

Skýrsla skálanefndar starfsárið 2019



Skálanefnd annast eftirlit með skálanum í samstarfi við starfsmenn klúbbsins og gjaldkera og gengur eftir því að skálinn og umhverfi hans sé ávallt hreint og snyrtilegt.

Starf skálanefndar var með svipuðu móti og síðasta ár. Þær stóllur Steinunn og Þórey sáu um skálann þriðja árið í röð og var hann þrífinn hátt og lágt í upphafi og enda sumars. Alveg til fyrirmyndar.

Veðrið var alveg með eindæmum gott og oft glatt á hjalla í skálanum. Steinunn og Þórey voru duglegar við að bjóða upp á fjölbreyttar kræsingar og eins og fyrri ár mættu golfarar vera duglegri við að nýta sér þessa stórkostlegu veitingar.

Nýr kælir kom um miðjan júlí þar sem hinn var hættur að virka. Keyptur og settur var á dúkur á útisalerni. Ný og góð kaffikanna kom í byrjun sumars. Borið var á pall og útihúsgögn.

Salernismál- - legg til að salerni verði læst þegar ekki er rennandi vatn í skálanum, nema einhver bjóðist til að þrifa klósettin! Ekki boðlegt fyrir starfsfólk að koma að salernunum eins og ástandið var nú í vor!

Ekkert varð af framkvæmdum sem fyrirhugaðar voru af formanni klúbbsins og formanni vallarnefndar í viðgerð á skála síðasta vetur.

Nú er gólf innst í sal við það að hrynja. Spurning að leita eftir tilboði í að fyrirbyggja gólfhrun og klæða ofnhliðar (suðurhlið) skálans. Þar sem skálinn er ekki á sökkli er spurning hvort ekki sé hægt með litlun tilkostnaði að snúa honum um 90 gráður rangsælis, jafnvel fluttur um nokkra metra til norðurs og styðjast síðan við hugmynd Dalvíkinga við stækkun út á pall!! En eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er skálinn of lítill þegar mikið er um að vera og menn verða að planta sér uppi á borði.



Grundarfirði 7. desember 2019

Helga Ingibjörg Reynisdóttir - Systa

Formaður skálanefndar

Kvennastarf GVG sumarið 2019



Íslandsmeistarar öldunga 2019

Kvennastarfið byrjaði rólega hjá okkur í maímánuði. Hittumst einu sinni í viku og spiluðum einn hring, stundum vorum við 1-2 konur og stundum 2-3 holl, allt eftir veðri og vindum. Systa var þó dugleg að koma með eitthvað hressandi handa okkur að drekka ☺



Systa með eðaldrykkinn

Á kvennafrídaginn, 19. júní efndu hressar félagskonur til golfmóts þar sem spilað var með Texas fyrirkomulagi og þemað var bleikt. Góð mæting var og mikið fjör. Bjargarsteinn útbjó glæsilegar veitingar fyrir konurnar og skipuleggjendur voru búnar að útvega fullt af verðlaunum og fór sjálfsgat engin kona heim án einhvers glaðnings. Þarna mættu þónokkrar konur sem spila allajafna ekki golf og væri því ráð að halda fleiri slík skemmtimót til að lokka þær til að fara að æfa þessa eðalíprótt.



Kvennamót 19 júní

Yfir sumarið vorum við duglegar að sækja golfmót hjá öðrum klúbbum. Spurning hvort okkur verði meinaður aðgangur að þeim næsta sumar þar sem okkar konur voru duglegar að hirða verðlaunin ☺ Virkilega flott hjá okkar konum. Við fórum einu sinni inn í Hólm að spila, en náðum því miður ekki að hitta félagskonur þar. Þurfum að bæta úr því næsta sumar.

Vesturlandsmót kvenna var haldið síðustu helgi ágústmánaðar á Akranesi. Flott mæting og flott mót. Við leigðum okkur stóran bíl og fórum allar saman og skemmtum okkur konunglega. Kolla var punktameistari með 40 punkta og Jófríður komst næst henni með 39 punkta. Systurnar, Systa og Anna María voru þær einu sem voru með skemmtiatriði, tóku sinn margrómaða leikþátt við mikinn fögnuð áhorfenda.



Hinn frægi leikþáttur

Vestarr konur tóku þátt í Íslandsmóti öldunga, sveitakeppni sem haldin var í Öndverðarnesi um miðjan ágúst. Þær sem fóru voru: Anna María, Bryndís, Dóra, Kolla og Kristín. Við kepptum í 2. deild ásamt sjö öðrum liðum. Þetta var hörkukeppni og þurftu t.d. okkar konur að spila bráðabana um 1. sætið í okkar riðli, við lið Vestmannaeyja. Við enduðum í öðru sæti í okkar riðli. Í úrslitum spiluðum við um 1. sætið við lið Kiðjabergs og réðust úrslit með síðasta leik á 18. holu þar sem við höfðum betur. Vestarr konur urðu því Íslandsmeistarar 2. deildar og spila því í 1. deild á næsta ári. Þetta var svona súrsætur sigur því við vitum að í 1. deild þurfa að vera sex spilandi í liðinu og það gæti reynst erfitt fyrir fámennan klúbb að manna liðið.

Í heildina litið var þetta gott golfsumar hjá okkur Vestarr konum og spillti ekki veðrið fyrir. Við hlökkum til næsta golfsumars en þurfum að reyna að finna leiðir til að efla enn frekar kvennagolfið og fá fleiri konur til að iðka þessa frábæru íþrótt.



Sveitakeppni öldunga

Formaður kvennanefndar
Kristín Pétursdóttir